
DEILISKRÁNING FORNLEIFA Í HAMARSELI, HAMARSFIRÐI



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

Reykjavík 2018

FS705-18271

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES





Forsíðumyndin er af bæjarhól Hamarssels SM-241:001.

©Fornleifastofnun Íslands 2018

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| SAMANTEKT | 5 |
| 1. INNGANGUR | 7 |
| 2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF | 9 |
| 3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU | 11 |
| 4. FORNLEIFASKRÁ..... | 13 |
| 5. NIÐURSTÖÐUR..... | 19 |
| HEIMILDASKRÁ | 22 |
| MINJAKORT | 23 |
| VIÐAUKI: DRÖG AÐ SKIPULAGSUPPDRÆTTI TGJ FYRIR HAMARSSEL | |

Samantekt


Í þessari skýrslu birtast niðurstöður deiliskráningar fornleifa í hluta af heimatúni jarðarinnar Hamarsseks í Hamarsfirði sem tilheyrir sveitarfélaginu Djúpavogshreppi (áður Geithellnahreppi) í Suður-Múlasýslu. Unnið er að deiliskipulagi fyrir svæðið þar sem fyrirhugað er að byggja tvö lítil hús og mögulega viðbyggingu við gamalt íbúðarhús í túninu. Vettvangsvinna fór fram 14. júní 2018 að beiðni landeiganda. Skráðar voru níu fornleifar innan úttektarsvæðisins, allt minjar sem sýndar eru á túnakorti frá 1919.



1. Inngangur

Unnið er að deiliskipulagi fyrir hluta af gamla heimatúninu í Hamarsseli í Hamarsfirði. Jörðin Hamarssel er í Djúpavogshreppi í Suður-Múlasýslu. Ábúandi fór þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses. að hún tæki að sér deiliskráningu fornleifa innan skipulagssvæðisins. Vettvangsvinna fór fram þann 14. júní sl. og voru aðstæður til fornleifaskráningar góðar. Sædís Gunnarsdóttir hjá Fornleifastofnun Íslands vann heimildaskráningu fyrir jörðina árið 2003 þegar slík skráning var gerð fyrir allan Djúpavogshrepp (áður Búlandshreppur, Beruneshreppur og Geithellnahreppur)¹. Vettvangsskráning og skýrslugerð var í höndum Kristborgar Þórsdóttur, fornleifafræðings hjá Fornleifastofnun Íslands.

Deiliskipulagssvæðið er 1,1 ha að stærð. Það er allt innan gamla heimatúnsins í Hamarsseli eins og það er teiknað á túnakorti sem til er fyrir jörðina frá árinu 1919. Túnið er vestan við Bæjarlæk og er deiliskipulagssvæðið austast í túninu, meðfram læknum, á svæði sem ekki er lengur slegið.



Á Íslandskortinu til vinstru er staðsetning Hamarssels sýnd með rauðum punkti. Kortagrunnur Gísli Pálsson. Á mynd til hægri er afmörkun deiliskipulagssvæðis í túni Hamarssels sýnd með hvítri linu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum. Þar er

¹ Sædís Gunnarsdóttir. 2004. *Menningarminjar í Djúpavogshreppi. Svæðisskráning*. FS239-03191. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

fjallað um allar þær fornleifar sem skráðar voru innan deiliskipulagssvæðisins. Upplýsingar um aðrar fornleifar sem heimildir eru um í landi Hamarssels en eru utan deiliskipulagsmarka og því ekki skráðar á vettvangi eru birtar í fornleifaskránni með gráu letri. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og kort auk tillögu að skipulagsuppdrætti frá TGJ ehf. (Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur) sem er á vinnslustigi en lögð hefur verið fram til kynningar og umsagnar.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir,

ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsns frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-084:001). Fornleifaskrá hvírrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar



Mynd 36. Tóft 041, horft til suðvesturs

heitur Geitakofi og ber við loft frá bæ séð," segir í örnefnaskrá. Geitakofi er um 100 vestan heimatúnsins, á litlu holti eða hól. Fyrir vestan heimatúni hækkar landið upp á svokallað holtaröð. Þar er tóft á holtinu sem eins og nafnið ber með sér var geitakofi. Tóftin er áberandi og sest vel þegar komið er upp á holtaröðina. Geitakofi er 30 m austan við miðlinu fyrirhugaðs jarðstrengs. Virgíring er 20-30 m vestan við tóftina.

Óréktat tún er umhverfis tóftina. Það hefur líklega verið sléttad að einhverju leyti. Þarna er gras, fjalldrapí og lyng í stórpýfi á köflum.

Tóftin er 8x8 m að stærð, einföld og hringlagða. Hún er opin til NNV. Veggirnar eru 0,3-0,5 m á hæð, 2-3 m.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö- Halldorsstaðir, 10

hætta sem steðjar að fornleif

heimild sem vitnað er í,
nánari fiersla í heimildaskrá

Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

sem fundust innan hvírrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvírrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennnisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennnisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða),

mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

SM-241 Hamarsel

Hjáleiga Hamars (SM-240).

1840: "Þar er tún lítið og litlar slægjur. Útigangur er þar góður." SSM, 556. Túnakort 1919: Tún 1,94ha, garðar 350m². "Engjar voru ekki miklar, en góðar í svonefndu Landi utan við bæ. Ræktunarskylirði eru góð og mikil, bakkar mýrar og aurar." SJM III, 447



Á þessari mynd hefur túnakort frá 1919 verið lagt ofan á loftmynd af heimatúni Hamarssels með afmörkun úttektarsvæðisins. Öll mannvirkir á túnakortinu voru skráð á vettvangi sumarið 2018 ef frá eru skilin útihús 005, 006 og 008 sem lenda utan úttektarsvæðisins.

SM-241:001 Hamarsel bæjarhóll bústaður*Bæjarhóll Hamarsels 001, horft til suðurs.*

1990.

Bæjarhóllinn er að mestu innan þess hluta túnsins sem enn er sleginn. Girt er yfir austurhluta hólsins og austan við girðinguna er túnið komið í órækt.

Bæjarhóllinn er enn nokkuð greinilegur sem lág og lítillega kúpt hæð í túninu. Að sögn Gauts Svavarssonar, heimildamanns, voru leifar af torfbæ á hólnum áður en nýtt íbúðarhús var reist sunnan við hann árið 1948. Grjót var rifið úr eldri byggingum á bæjarhólnum og notað í sökkulinn á húsinu sem reist var 1948. Þá var byggingarefni (grjót) úr gamla bænum einnig notað til þess að hlaða fjós og fjárhús á bæjarhólnum. Þegar foreldrar Gauts fluttu að Hamarsseli 1961 var þessum yngstu byggingum á bæjarhólnum (fjósi og fjárhúsum) rutti um og ýtt út til austurs og suðausturs. Bæjarhóllinn er 23x17 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er um 0,5 m á hæð þar sem hann er hæstur. Í grassverði má sjá grjót hér og hvar. Allgreinilegt er hvar efni úr yngstu byggingunum var ýtt út suðaustan við bæjarhóllinn. Er það svæði 17x9,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur, og er afmarkað með línu á korti aftast í skýrslu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Hamar, 6

SM-241:002 heimild um útihús

711820 470718

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús fast suðaustan við bæinn í Hamarsseli 001. Öll ummerki um það eru horfin en ekki er vitað hvenær það var rifið og/eða jafnað um.

Sléttuð grasflót er þar sem útihúsið stóð en flötin er þýfð efst og nyrst. Útihúsið var austast í heimatúninu og er sa hluti þess ekki lengur sleginn og kominn í órækt.

Mikið rask hefur orðið á því svæði sem útihúsið var á vegna húsbyggings, niðurrifs og sléttunar. Mögulega hefur byggingarefni úr yngstu húsunum á bæjarhólnum verið ýtt yfir staðinn sem þetta hús stóð á. Engin ummerki um húsið sjást.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

711804 470727
 "Út við Bæjarlæk er bærinn Hamarssel, og heitir Fossbrekka undir Fossinum ..." segir í örnefnaskrá Hamars. Gamli bærinn var neðan við mitt heimatún í aflíðandi halla til suðurs. Túnið er fremur jafnlent en nokkuð afgerandi hólbunga er ofan við bæjarhól. Engar þekktar minjar eru á þeim stað en hann gæti verið manngerður. Bæjarhóllinn er á milli Bæjarlækjar og nokkuð afgerandi brúnar í túninu til vesturs. Rask er syðst í honum í tengslum við yngra hús sem byggt var 1948 og stendur enn. Ekki er lengur búið í því húsi því yngra íbúðarhús var byggt litlu sunnar árið

SM-241:003 þúst útihús

Púst í túni þar sem útihús 003 stóð, horft til vesturs.

711852 470658

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús suðaustast í túni, niður við Bæjarlækinn. Þar er flatlent tún á litlum tanga sem gengur út til austurs þar sem bugða er á farvegi lækjarins. Þessi hluti túnsins er ekki lengur sleginn.

Grasi gróið, sléttan.

Búið er að sléttu yfir útihúsið en þó sést enn þúst í túninu þar sem leifar af því eru undir sverði. Þústin er um 10 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Hún nær fram á brún túnsins til austurs og norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

SM-241:004 heimild um útihús

711807 470640

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús syðst í heimatúninu um 90 m sunnan við bæ 001 og 50 m suðvestan við útihús 003. Líklega var þetta útihús fast vestan við núverandi heimreið og kann að hafa lent undir henni að hluta.

Tvöföld röð af öspum er meðfram heimreiðinni fast norðan við þar sem útihúsið var.

Engin ummerki sjást um útihúsið og hefur það líklega horfið við túnasléttun.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

SM-241:005 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1919

SM-241:006 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1919

SM-241:007 þúst útihús

711832 470800

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stórt útihús með áföstum kálgarði ofarlega og austarlega í túni á vesturbakka Bæjarlækjar, um 70 m NNA við bæ 001. Þar sjást ójós ummerki um mannvirkni sem hefur verið jafnað um. Ekki er vitað hvenær það var gert.

Ummerki um útihúsið eru í þeim hluta túnsins sem ekki er lengur í rækt en er nýttur til beitar. Girðing liggar yfir vesturhluta þústarinnar.

Þar sem útihúsið var sést lág og ógreinileg þúst sem búið er að sléttu yfir en í henni eru ójöfnur og finnst fyrir grjóti í sverði. Þúst er 24x8 m að stærð og snýr norðursuður. Hún er 0,1-0,2 m á hæð. Grjót sem að öllum líkendum var í þessu útihúsi sést neðan við lækjarbakkann.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919



Þúst þar sem útihús og kálgarður 007 voru, horft til suðvesturs. Lengst til vinstri á mynd má sjá laust grjót niður við Bæjarlæk sem ætla má að sé úr þessum mannvirkjum.

SM-241:008 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1919

SM-241:009 heimild um kálgarð

711849 470646

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður fast suðvestan við útihús 003 og 90 m suðaustan við bæ 001 í allbrattri brekku niður af túninu að grónum eyrum við Bæjarlækinn.

Brekkan sem kálgarðurinn var í er sléttuð en hún er í þeim hluta túnsins sem ekki er lengur sleginn. Flatar grónar eyrar eru þar neðan við til suðausturs.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást en brekkan er um 4 m há. Kálgarðurinn hefur líklega verið sléttuður í tún en vegna þess hve brött brekkan er hefur ekki verið auðvelt að slá hana.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

SM-241:010 heimild um kálgarð

711805 470707

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður framan og sunnan við bæ 001. Þar stendur íbúðarhús byggt 1947 en ekki er lengur búið í því. Vestan við húsið er lítill trjágarður. Húsið og garðurinn eru á lágum stalli í aflíðandi halla til suðurs. Neðan við íbúðarhúsið og trjágarðinn er grasflöt og nokkur tré eru einnig beint niður undan húsinu. Þar neðan við er svo annar stallur ofan við bílastæði sem er austan við núverandi íbúðarhús byggt 1990.

Kálgarðurinn var í aflíðandi halla til suðurs.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást lengur vegna byggingaframkvæmda.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

SM-241:011 heimild um leikvöll

"Upp í túninu er Klettur, þar leika börn sér." segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Hamar, 6

SM-241:012 heimild um kvíar

"Utan við Bæjarlækinn er Stöðull. Þar voru ær mjólkaðar fyrr meir." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hamar, 6

SM-241:013 heimild um rétt

"Stekkaklettur er niður af Svartagili, þar er rétt. Innan við Stekkaklett er Stekkahraun og Stekkalækur." segir í örnefnaskrá

Heimildir:Ö-Hamar, 6

SM-241:014 *Refsstaðir* bæjarstæði býli

"Inn af Vindás eru beitarhús í Miðgróf og nokkurt graslendi. Á þeim slóðum var eyðibýlið Refsstaðir og síðar beitarhús frá Hamarselli ..." "Refsstaðir í Hamarsellslandi, innan við Refsstaðalæk, eyddist í Svartadauða ..." IS:" Á Refstöðum í Hamarsfirði var bænhús, er sagt. Þó er fátt annað vitað þessu til stuðnings. Bærinn mun hafa eyðst í Svartadauða, árið 1402."

"Refsstaðaland er innan við Refstaðatanga inn að Refstaðalæk. Landamerki milli Hamars og Hamrassels eru um Refstaðatanga. Þar fyrir innan er Ræsi ... Innan við Refstaðalækinn efst eru Refstaðir, gamlat eyðibýli, tún og beitarhús frá Hamrasseli. Talið er að eyðibýlið hafi farið í eyði um svarta dauða." segir í örnefnaskrá

Heimildir:SJM III, 445, 446; Ö-Hamar, 7; Ingimar Sveinsson: Sigt og róið, 149

SM-241:015 *Myllulækur* örnefni mylla

"Út og upp af Hamarselli gengur Seljhalli. Innst á honum er Myllulækur. segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hamar, 7

SM-241:016 *Sel* örnefni sel

"Refsstaðaland, engjastykki: Innraland, Múli, Seljhalli, Hnjúkur, Sel ..." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hamarssel, 1

SM-241:017 heimild um leið

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur heim að bæ úr suðri. Hann lá að hluta undir núverandi heimreið en að hluta litlu austan við hana. Þar sjást enn ummerki um eldri veg en ekki er ljóst hversu gamall hann er. Líklegt verður að teljast að sá vegur sem sýndur er á túnakorti sé undir yngri vegabótum.

Vegurinn lá um gamla heimatúnið þar sem það er flatlent og slétt í aflíðandi halla til suðurs. Sá hluti þess er ekki lengur sleginn.

Í túninu má rekja eldri veg austan við núverandi heimreið á 40 m löngum kafla þar sem hann liggar í sveig frá núverandi heimreið í suðvestri til norðurs þar sem hann endar við bílastæði og jarðvegsmön í kringum það. Vegurinn er 2-3 m á breidd. Hann er

711822 470652



Ummerki um veg í túni Hamarssels, horft til suðausturs. Líklegt verður að teljast að þessi vegur sé ofan á eldri vegi 017 sem sýndur er á túnakorti frá 1919.

hálfgróinn og sést víða í möl.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

SM-241:018 heimild um leið

711789 470717

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur heim að bæ úr VSV.

Vegurinn lá um sléttuð tún.

Engin ummerki um veginn sjást vegna túnasléttunar og ræktunar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

5. Niðurstöður

Innan deiliskipulagsreitsins í heimatúni Hamarssels voru skráðar níu fornleifar. Þær eru allar merktar inn á túnakort fyrir jörðina sem gert var árið 1919. Allar minjar innan reitsins eru skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda þó að mest hætta sé þar sem fyrirhugaðir byggingareitir eru. Á deiliskipulagsuppdætti TGJ fyrir Hamarssel sem finna má aftast í þessari skyrslu er gert ráð fyrir þemur byggingarreitum; tveimur litlum reitum á vesturbakka Bæjarlækjar og einum stærri reit við suðurjaðar bæjarhólsins, fast ofan við íbúðarhús byggt 1948. Í töflu 1 má sjá þær fornleifar sem skráðar voru.

| Samtala | Tegund | Hlutverk | Ástand | Ef horfin, af hverju | Hættumat | Ástæða |
|------------|-----------|-----------|--------------------------|----------------------|-----------|------------------|
| SM-241:001 | bæjarhóll | bústaður | sést til | | stórhætta | vegna framkvæmda |
| SM-241:002 | heimild | útihús | ekki sést til fornleifar | vegna sléttunar | stórhætta | vegna framkvæmda |
| SM-241:003 | þúst | útihús | sést til | | stórhætta | vegna framkvæmda |
| SM-241:004 | heimild | útihús | ekki sést til fornleifar | vegna sléttunar | stórhætta | vegna framkvæmda |
| SM-241:007 | þúst | útihús | sést til | | stórhætta | vegna framkvæmda |
| SM-241:009 | heimild | kálgarður | ekki sést til fornleifar | vegna sléttunar | stórhætta | vegna framkvæmda |
| SM-241:010 | heimild | kálgarður | ekki sést til fornleifar | vegna bygginga | stórhætta | vegna framkvæmda |
| SM-241:017 | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | vegna vegagerðar | stórhætta | vegna framkvæmda |
| SM-241:018 | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | vegna sléttunar | stórhætta | vegna framkvæmda |

Tafla 1. Skráðar fornminjar á deiliskipulagssvæði í túni Hamarssels.

Af þeim níu fornleifum sem skráðar voru sjást aðeins ummerki um þrjár fornleifar; bæjarhól SM-241:001, útihús SM-241:003 og útihús SM-241:007. Bæjarhóllinn í Hamarsseli sést enn vel þó að talsvert rask hafi orðið á honum vegna niðurrifs og byggingar íbúðarhúss fast sunnan við hann árið 1948. Höllinn er 23x17 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er um 0,5 m á hæð þar sem hann er hæstur. Ekki er vitað hvenær byggð hófst í Hamarsseli sem var hjáleiga frá Hamri. Elsta

þekkta heimild um byggð í Hamarseli er líklega manntalið frá 1703.² Ætla má að bærinn í Hamarseli hafi alla tíð staðið á bæjarhólnum eða fram á miðja 20. öld þegar nýtt íbúðarhús var reist. Bæjarhólar eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum og þar er mikilla og fjölbreyttra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngrípi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð.

Þar sem útihús 003 og 007 stóðu sjást enn nokkuð afgerandi þústir í sléttuðu túninu og eru því greinilega leifar af útihúsunum undir sverði. Þó að ekki sjáist greinanleg ummerki á yfirborði um aðrar minjar sem skráðar voru er alls ekki útilokað að leifar af þeim hafi varðveist undir sverði. Ýmsar ástæður eru fyrir því að minjarnar sjáist ekki lengur. Algengast er að þær séu horfnar vegna túnsléttunar en einnig vegna byggingaframkvæmda og vegagerðar. Hafa ber í huga að heimatún jarða sem hafa verið í ábúð öldum saman eru þau svæði innan hverjar jarðar þar sem þéttleiki minjastaða er mestur. Því gildir um slíka staði að þó að ekki sjáist ummerki um minjar á yfirborði eru miklar líkur til þess að við jarðrask komi í ljós áður óþekktar minjar.

Allar fornminjar eru friðaðar og umhverfis þær er 15 m friðhelgað svæði. Ekki eru þekktar fornminjar innan byggingarreitanna tveggja sem fyrirhugaðir eru á bakka Bæjarlækjar en byggingarreitirnir eru hins vegar innan friðhelgaðs svæðis í kringum fornminjar. Nyrðri byggingarreiturinn er innan friðhelgaðs svæðis í kringum fornleif 007 og syðri byggingarreiturinn er innan friðhelgaðs svæðis í kringum bæjarhól 001. Hann er einnig innan svæðis suðaustan við bæjarhólinn þar sem leifum af yngstu mannvirkjunum á bæjarhólnum (frá miðri 20. öld) var ýtt út (sjá skipulagsuppdrátt aftast í skýrslu). Líklegt er að hægt sé að komast hjá raski á þessum fornminjum sé fyllstu varúðar gætt. Þriðji byggingarreiturinn er á milli bæjarhóls Hamarsels og íbúðarhúss frá 1948 og eru því mjög miklar líkur á því að rask verði á bæjarhólnum þegar framkvæmdir hefjast. Ekki hefur enn verið gert ráð fyrir vatns- og skolplögnum í tengslum við byggingarreitina á deiliskipulagsuppdrætti og því var ekki hægt að meta áhrif framkvæmda við þau mannvirki á fornleifarnar.

Ef óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar mega víkja við slikar aðstæður. Eins og áður hefur komið fram eru miklar líkur á að áður óþekktar fornminjar

² Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is.

komi í ljós við jarðrask innan heimatúna. Það gæti því þurft að nota jarðvegsbor eða grafa könnunarskurði á byggingarreitunum til þess að kanna hvort formminjar leynist þar undir sverði.

Heimildaskrá

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður í ágúst 2018.

SJM III: *Sveitir og jarðir i Múlapíngi III.* 1976. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, [án staðar].

SSM: *Sýslu- og sóknalyśingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Múlasýslur.* 2000. Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands, Reykjavík.

Túnakort 1919: Túnakort Hamarssels. Þjóðskjalasafn, Reykjavík.

Ö-Hamar: *Örnefnaskrá fyrir Hamar.* Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Heimildamaður:

Gautur Svavarsson

Minjakort

Minjakortið er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.


Minjar innan deiliskipulagsreits í túni Hamarsells



Skýringar

- Minjastaðir
- Uppmælt_línur
- Uppmælt_flákar
- Afmörkun úttektarsvæðis

HAMARSEL, DJÚPAVOGSHREPP - DEILISKIPULAG




SKÝRINGAR

- DSK MÖRK
- BYGGINGARREITUR (BR NR.)
- VEGIR OG BÍLASTÆÐI
- AÐALSTÍGAR (1,2 M)
- TENGISTÍGAR (0,9 M)
- STIKUÐ GÖNGULEIÐ
- LÆKUR
- TRJÁGRÓÐUR
- RAFMAGNSSPENNIR
ROTÞRÓ

FORNLEIFAR

- PUNKTAR
- LÍNUR
- UPPMÆLT



AÐALSKIPULAG DJÚPAVOGSHREPPS 2008-2020

DEILISKIPULAG PETTA SEM AUGLÝST HEFUR
VERIÐ SKV. 1 MGR. 41. GR. SKIPULAGSLAGA
NR. 123/2010 M.S.BR.

FRÁ _____ TIL _____ VAR SAMPKKTT Í
SVEITARSTJÓRN DJÚPAVOGSHREPPS ÞANN _____ 20_____

SAMPKKTT DEILISKIPULAG VAR AUGLÝST Í
B-DEILD STJÓRNARTÍDINDA ÞANN _____ 20_____



hönnun · ráðgjöf · rannsóknir
Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík - Sími: 562 7750
www.tgj.is | www.telja.is | tgj@tgj.is

DEILISKIPULAG

Skráning fornleifa: Fornleifastofnun Íslands
Grunnur: Loftmyndir ehf.

teiknað: SOS

mælikvarði: 1: 1000

dagsetning: 16.08. 2018

staða: í vinnslu

teikn nr.: DJÚ_DHAM_BÆJ_v1

frumgerð A3